

Hulda Kristjánsdóttir

From: Pétur H Jónsson <ima@simnet.is>
Sent: þriðjudagur, 6. desember 2022 10:25
To: vigfus@utu.is; Hulda Kristjánsdóttir
Cc: Gunnar Karl Ársælsson
Subject: Arnarstaðakot deiliskipulag
Attachments: Umsögn Landsnets, Arnarstaðakot, Búgarðabyggð, deiliskipulag.pdf; Arnarstaðakot-deilisk-01-(A1).pdf

Sæl og blessuð

Sendi hér uppfærðan uppdrátt þar sem ég hef komið er til móts við umsögn Landsnets, dagsett 25.05.2022, þannig að helgunarsvæði háspennulínu, ásamt skýringum eru færð inn á uppdrátt.

Bestu kveðjur
Pétur
562-4140

----- Upprunaleg skilaboð -----

Frá: "Gunnar Karl Ársælsson" <arnarstadakot@gmail.com>
Til: "Pétur H Jónsson" <ima@simnet.is>
Sent: Mánudagur, 5. Desember, 2022 10:52:49
Efni: Umsögn Landsnet

Sæll Pétur þetta á að sendast síðan beint á vigfus@utu.is og hulda@floahreppur.is

Kv Gunnar

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

25.05.2022
2022-05-111/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um vinnslutillögu deiliskipulags fyrir íbúðarbyggð í Arnarstaðakoti í Flóahreppi

Á heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita er til kynningar deiliskipulagstillaga fyrir íbúðarbyggð í Arnarstaðakoti, L166219, í Flóahreppi. Umsagnarfrestur er til 27. apríl 2022. Deiliskipulagstillagan felst í afmörkun 23 íbúðarhúsalóða með heimild til að byggja íbúðarhús með geymslu/bílageymslu og eitt útihús fyrir búfé, gróður, heilsutengda þjónustu eða ferðapjónustu.

Landsneti barst ekki beiðni um umsögn vinnslutillöguna og ekki kemur fram hverjur eru skilgreindir umsagnaraðilar deiliskipulagsins. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet vekur athygli á að Selfosslína 2, sem er 66 kV loftlína á vegum fyrirtækisins, liggur í gegnum skipulagssvæðið. Línan er sýnd á uppdrætti en ekki er gert grein fyrir helgunarsvæði hennar, hvorki á uppdrætti né í greinargerð. Af uppdrætti að dæma liggja byggingarreitir á lóðum 1, 3 og 7 innan helgunarsvæðisins eða mjög nærri því.

Landsnet bendir á að skipulag svæðisins þarf að taka fullt tillit til háspennulínunnar og helgunarsvæðis hennar. Byggingarreitir skulu vera utan helgunarsvæðisins og gera þarf grein fyrir þeim takmörkunum sem gilda innan þess. Einnig þarf að setja skilmála um framkvæmdir og umgengni um helgunarsvæðið til að tryggja örugga afhendingu.

Áhrifasvæði loftlína vegna landnotkunar miðast við helgunarsvæði línumnar. Samkvæmt reglugerð um raforkuvírki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd svæðisins fer m.a. eftir spennu, hæð mastra og bili milli mastra. Dæmigerð lágmarksbreidd helgunarsvæðis 66 kV háspennulína er 25 m.

Tryggja þarf að helgunarsvæði háspennulínunnar sé virkt. Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbaneiði eða óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Nauðsynlegt er að tryggja greiðan aðgang að línum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða á mannvirkjum. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð* sem er að finna á heimasíðu Landsnets.¹

Landsnet leggur áherslu á að samráð verði haft við fyrirtækið varðandi deiliskipulag á svæðinu nærri háspennulínunni. Einnig er lögð áhersla á að allar verklegar framkvæmdir í nágrenni línumnar verði í fullu samráði við Landsnet.

Landnet óskar þess að fá skipulagstillöguna til umsagnar á síðari stigum skipulagsgerðarinnar.

Virðingarfyllst

Svandís Hlín Karlsdóttir
Forstöðumaður viðskiptatengsla og -þróunar

¹ <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>

Undirritunarsíða

Svandís Hlín Karlsdóttir



Undirritað af:
Svandís Hlín
Karlsdóttir
2708823159
Dags: 26.05.2022
Tími: 18:19:27
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dedae6a5-
9021-4f92-9f1f-
cb0750e5c676

